

Skýrsla
til
landbúnaðarráðherra

Hagkvæmniathugun
á fyrirkomulagi
fóðurframleiðslu
í loðdýrarækt

Maí 1998

BYGGÐASTOFNUN

Efnisyfirlit

1. Inngangur

2. Þróun loðdýraræktunar á Íslandi

- 2.1. Sögulegt yfirlit
- 2.2. Yfirlit yfir loðdýrabú á Íslandi
- 2.3. Fjárfesting í loðdýrarækt

3. Þróun fódurframleiðslunnar

- 3.1. Afkoma fódurstöðva
- 3.2. Flutningskostnaður hráefnis og fódurs

4. Hráefni til fódurgerðar

- 4.1. Fiskmeti
- 4.2. Sláturmatur

5. Niðurstaða

- 5.1. Fyrirkomulag fódurframleiðslunnar
- 5.2. Fjöldi fódurstöðva
- 5.3. Flutningur fódurs milli héraða
- 5.4. Söfnun og geymsla hráefnis

6. Samantekt

7. Framtíðarsýn

1. Inngangur

Í bréfi frá landbúnaðarráðuneytinu frá 12. febrúar 1998 kemur fram ósk um að Byggðastofnun "láti gera hagkvæmnisathugun á fyrirkomulagi fóðurframleiðslunnar, s.s. fjölda fóðurstöðva, flutnings á fódri milli héraða, söfnun og geymslu hráefnis og hvernig þessum málum verði best fyrir komið í landinu".

Í ljósi framangreinds þótti við hæfi að hefja athugun á því hvaða breytingar hafa orðið frá því Byggðastofnun gaf út ritið „Loðdýrarækt á Íslandi“ í janúar 1987. Var fyrst og fremst horft til fjölda loðdýrabúa, staðsetningar þeirra, fjölda fóðurstöðva og staðsetningar, tækjabúnaðar, flutningstækja og flutningsvegalengda, takmarkana til framleiðslu og frystingar svo og aðgangs að hráefni, bæði fiskbeinum og sláturúrgangi.

2. Þróun loðdýraræktar á Íslandi

2.1. Sögulegt yfirlit

Þróun loðdýraræktar á Íslandi má skipta í þrjú tímabil sem hvert um sig hefur mótað byggðapróun með mismunandi hætti. Fyrsta tímabilið er frá því loðdýraræktin var endurvakin og fram að þeim tíma að verðhrun varð á skinnnum. Þau atriði sem höfðu trúlega mest áhrif á það hvar greinin náði fótfestu voru möguleikar til að framleiða fóður en einnig hafði samdráttur í hefðbundnum greinum veruleg áhrif á hvar uppbyggingin átti sér stað. Annað tímabilið er samdráttarskeið í kjölfar verðhruns á loðskinnnum sem hófst á árinu 1988 og stóð meira og minna fram á miðjan þennan áratug. Þetta leiddi til verulegrar fækkunar í greininni og loðdýrabúskapur lagðist af á nokkrum svæðum þar sem hún hafði verið. Þá voru afskrifuð lán í stórum stíl og opinber niðurgreiðsla á fódri tekin upp. Einnig tóku opinberir aðilar þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu fóðurstöðva, þar sem hægt var m.t.t. staðsetningar þeirra og umfangs. Þriðja skeiðið hefst síðan 1995 og er eins konar endurreisnartímabil. Uppbyggingin hefur orðið mest á þeim svæðum þar sem fóðurstöðvarnar eru s.s. eins og í Skagafirði, í kringum Selfoss og á Norðurlandi eystra. Loðdýrabúskapur hefur nánast þurrkast út á nokkrum svæðum, t.d. á Vestfjörðum og að megninu til á Vesturlandi. Loðdýrabúskapur er að ná sér á strik aftur á nokkrum svæðum eftir mörg mögur ár og hefur náð svipaðri stærð og var þegar best lét árið 1988. Þó er langt í land að fjöldinn verði svipaður og þá var en árið 1988 voru 206 loðdýrabú í landinu, fjöldi minkalæða 70.000 og refalæður 18.500. Vel hefur tekist til með að stýra aukningunni og hefur hún fyrst og fremst orðið í kringum fóðurstöðvarnar á Norðurlandi og Suðurlandi. Þó hafa heyrst gagnrýnisraddir sem telja að skilningur sé

ekki fyrir hendi hjá opinberum aðilum fyrir því að efla loðdýraræktina enn frekar þrátt fyrir þá hagkvæmni sem það hefði í för með sér fyrir rekstur fóðurstöðvanna.

2.2. Yfirlit yfir loðdýrabú á Íslandi

Í dag eru 40.060 minkar og 7.323 refir í loðdýrabúum á landinu og fóðurþörf 1998 áætluð um 13.000 tonn. Af því er best verður séð framleiða einstaklingar um 3.000 tonn, þar af er þurrfóðursnotkun u.þ.b. 400 tonn. Eftir stendur að 5 fóðurstöðvar framleiða um 10.000 tonn. Sauðárkrókur framleiðir 3.000 tonn, Húsavík 2.000 tonn, Vopnafjörður ca 800 tonn, KASK ca 1.500 tonn og Selfoss 2.500 tonn.

Landssvæði	Fjöldi búa	Fjöldi minka	Fjöldi refa	Fóðurþörf tonnum	Þar af framl. í fóðurstöð
Húnavatnssýslur	9	862	404	427	
Skagafjörður	23	11.350	1.733	3.440	3.000
Eyjafjarðarsýsla	6	1.125	600	603	
Suður-Þing	18	2.290	1.677	1.504	
Norður-Þing	3	0	126	77	2.000
Reykjanes	3	2.480	353	736	
Vesturland	5	1.255	262	423	100
Vestfirðir	3	100	85	73	
Austurland	24	8.233	1.764	2.806	2.300
Suðurland	<u>19</u>	<u>12.365</u>	<u>319</u>	<u>2.791</u>	<u>2.500</u>
Samtals:	113	40.060	7.323	12.880	9.900

Á árunum 1996 og 1997 veitti Byggðastofnun bændum styrk til að hefja loðdýrarækt að nýju en gagnrýnt hefur verið hve þröngar skorður voru settar fyrir fjölda dýra á hverju búi. Almennt er talið að einingarnar séu of litlar hjá bændum til að teljast hagkvæmar og bitnar það jafnt á bændum sem fóðurstöðvum.

2.3. Fjárfesting í loðdýrarækt

Tæplega 400 loðdýrahús hafa verið byggð á Ísland frá 1979 samtals 115 þúsund fermetrar af minkaskálum og 101 þúsund fermetrar af refaskálum. Húsnæði þetta rúmar 52.400 minkalæður og 19.100 refalæður. Síðan þá hefur allmörgum refaskálum verið breytt í minkaskála og öðrum í vélageymslur og hesthús. Eitthvað af þessu húsnæði stendur autt ennþá og æskilegt væri að nýta það a.m.k. á þeim svæðum sem næst eru fóðurstöðvum. Þá hafa verið byggðir nýir skálar sem henta betur þörfum loðdýrabænda og er öll sú þekking sótt til Danaveldis sem öðrum fremur stendur í fremstu röð, hvað varðar allan aðbúnað og tækni í loðdýrarækt.

3. Þróun fóðurframleiðslunnar

Í upphafi framleiddu loðdýrabændur sitt eigið fóður, enda voru búin þá fá og stór. Samfara uppbyggingu loðdýraræktarinnar í landinu byggðust upp

fóðurstöðvar víðsvegar um landið. Fóðurstöðvar voru flestra 14, nokkrar í sumum kjördæmum. Stafaði það m.a. af erfiðum samgöngum en ekki síst af þeirri trú manna að fóðurframleiðslan ætti að vera ódýr í ljósi þess að afskurður frá fiskvinnslunni var oftast en ekki urðaður og nánast ekkert nýttur eins og nú er gert í mun ríkari mæli. Þá hefur tíminn leitt í ljós að kostnaður við öflun hráefnis var vanmetinn m.a. vegna samkeppni við mjöl-og lýsisframleiðendur, framleiðendur fiskifóðurs og framleiðendur skreiðar. Í dag eru 5 fóðurstöðvar á landinu sem áætla að framleiða um 10.000 tonn af loðdýrafóðri á árinu 1998. Fóðurbörfin í landinu er nálægt 13.000 tonnum þannig að 3.000 tonn eru framleidd af loðdýrabændum sjálfum og hluti magnsins er þurrfóður. Tækjabúnaður stöðvanna er almennt gamall og úr sér genginn og skortur á fjármagni gerir það að verkum að endurnýjun búnaðar hefur almennt setið á hakanum. Frystigeta þeirra er víðast mjög takmörkuð og geymslur undir hráefni af skornum skammti.

3.1. Afkoma fóðurstöðva

Afkoma fóðurstöðvanna er almennt óviðunandi sem að hluta til er vegna of lítillar framleiðslu. Fóðurstöð sem hefur 10.000 tonna framleiðslugetu er að framleiða fjórðung af því. Í töflunni hér að neðan gefur að líta rekstrarútkomu fjögurra fóðurstöðva undanfarin tvö ár að undanskildri Fóðurstöðinni á Selfossi en þar eru upplýsingar frá árunum 1996 og 1995.

Fóðurframleiðsla	KP		KS		ELDISFÓÐUR		SELFLOSS	
	1997	1996	1997	1996	1997	1996	1996	1995
Framleiðsla (tonnum)	1.304	1.045	2.458	1.980	725	600	1.583	1.597
<u>Framleiðsluverðmæti</u>	<u>25.970</u>	<u>18.194</u>	<u>43.058</u>	<u>30.951</u>	<u>14.875</u>	<u>10.047</u>	<u>28.530</u>	<u>29.042</u>
Vöru og efnisnotkun	16.004	9.661	30.420	20.842	6.919	5.887	18.548	16.883
<u>Laun og launat.gjöld</u>	<u>2.688</u>	<u>3.380</u>	<u>5.475</u>	<u>3.208</u>	<u>2.561</u>	<u>2.055</u>	<u>4.766</u>	<u>4.432</u>
<u>Framlegð II</u>	<u>7.278</u>	<u>5.153</u>	<u>7.163</u>	<u>6.901</u>	<u>5.395</u>	<u>2.105</u>	<u>5.216</u>	<u>7.727</u>
Húsaleiga	708	609	2.800	194	0	0	0	0
Orkukostnaður	533	212	2.466	2.051	529	0	1.464	1.564
Frysti-og geymslugjöld	331	200	0	0	0	0	0	0
Aðkeyptur akstur	662	70	0	0	0	0	0	0
Rekstur bifreiðar	551	487	409	557	603	0	2.530	3.171
Tækjaleiga	3.965	2.201	1.175	154	0	0	0	0
Viðhald tækja og áhalda	842	655	3.015	3.133	462	0	610	1.155
Aðkeypt þjónusta	160	0	847	151	815	0	1.016	919
<u>Annar kostnaður</u>	<u>716</u>	<u>473</u>	<u>2.494</u>	<u>1.419</u>	<u>1.045</u>	0	<u>3.251</u>	<u>2.677</u>
Annar rekstrarkostnaður	8.468	4.907	13.206	7.659	3.454	2.673	8.871	9.486
<u>Hagn. (tap) fyrir afskr.</u> <u>og fjármagnskostnað</u>	<u>-1.190</u>	<u>246</u>	<u>-6.043</u>	<u>-758</u>	<u>1.941</u>	<u>-568</u>	<u>-3.655</u>	<u>-1.759</u>
Afskriftir	163	0	232	213	765	708	2.387	3.234
<u>Fjármagnsgjöld (tekjur)</u>	<u>376</u>	<u>205</u>	<u>354</u>	<u>364</u>	<u>352</u>	<u>3</u>	<u>-4.256</u>	<u>-4.581</u>
<u>Hagn.(tap) af regl.starts</u>	<u>-1.729</u>	<u>41</u>	<u>-6.629</u>	<u>-1.335</u>	<u>824</u>	<u>-1.273</u>	<u>-1.786</u>	<u>-412</u>
<u>Aðrar tekjur (gjöld)</u>	<u>-990</u>	<u>-361</u>	0	0	<u>201</u>	0	<u>32.442</u>	<u>10961</u>
<u>Hagn. (tap) ársins</u>	<u>-2.719</u>	<u>-320</u>	<u>-6.629</u>	<u>-1.335</u>	<u>1.025</u>	<u>-1.273</u>	<u>30.656</u>	<u>10.549</u>

Í töflunni hér að neðan er gerður samanburður á rekstri ofangreindra

fóðurstöðva og danskrar fóðurstöðvar. Þar kemur berlega í ljós hvaða áhrif stórrekstur hefur á einstaka fasta kostnaðarliði. Einnig er eftirtektarvert hvað hráefniskostnaður er hár hjá Dönunum samanborið við hráefniskostnað íslensku stöðvanna þrátt fyrir mjög óhagstæð og dýr innkaup vegna smæðar sinnar. Þá er launahlutfallið sláandi hátt en það stafar m.a. af mikilli sjálfvirkni í vinnslunni hjá Dönunum en handavinna er allsráðandi víðast hvar í íslensku stöðvunum. Auk þess er framleiðslan í hverri stöð svo lítil að nýting á mannskap er slæm.

	Íslenskir framleiðendur			Dönsk framleiðsla		
	1997	kr/kg	%	1996	kr/kg	%
Framleitt magn (tonnum)	6.062			47.874		
<u>Framleiðsluverðmæti</u>	<u>112.433</u>	<u>18,55</u>	<u>100%</u>	<u>870.568</u>	<u>18,18</u>	<u>100%</u>
Vöru og efnisnotkun	71.891	11,86	64%	748.503	15,63	86%
<u>Laun og launatgjöld</u>	<u>15.490</u>	<u>2,56</u>	<u>14%</u>	<u>44.030</u>	<u>0,92</u>	<u>5%</u>
<u>Framlegð II</u>	<u>25.052</u>	<u>4,13</u>	<u>22%</u>	<u>78.035</u>	<u>1,63</u>	<u>9%</u>
Húsaleiga / viðhald húsnæðis	3.508	0,58	3%	4.904	0,1	1%
Orkukostnaður	4.992	0,82	4%	7.791	0,16	1%
Frysti-og geymslugjöld	331	0,05	0%	0	0	0%
Aðkeyptur akstur	662	0,11	1%	0	0	0%
Rekstur bifreiðar	4.093	0,68	4%	21.490	0,45	2%
Tækjaleiga	5.140	0,85	5%	0	0	0%
Viðhald véla tækja og áhalda	4.929	0,81	5%	11.013	0,23	1%
Aðkeypt þjónusta	2.838	0,47	3%	0	0	0%
<u>Annar kostnaður</u>	<u>7.506</u>	<u>1,24</u>	<u>7%</u>	<u>7.908</u>	<u>0,17</u>	<u>1%</u>
Annar rekstrarkostnaður	33.999	5,61	30%	53.106	1,11	6%
Hagn. (tap) fyrir afskr. og fjármagnskostnað	-8.947	-1,48	-8%	24.929	0,52	3%
Afskriftir	-3.547	-0,59	-3%	-21.482	-0,45	-2%
<u>Fjármagnsgjöld (tekjur)</u>	<u>3.174</u>	<u>0,52</u>	<u>3%</u>	<u>284</u>	<u>0,01</u>	<u>0%</u>
<u>Hagn.(tap) af regl. starfsemi</u>	<u>-9.320</u>	<u>-1,54</u>	<u>-8%</u>	<u>3.731</u>	<u>0,08</u>	<u>0%</u>
Aðrar tekjur (gjöld)	31.653	5,22	28%	370	0,01	0%
Hagnaður (tap) ársins	22.333	3,68	20%	4.101	0,09	0%

3.2. Flutningskostnaður hráefnis og fóðurs

Nokkuð mismunandi er hvað stöðvarnar þurfa að hafa mikið fyrir því að afla sér hráefnis. Sumar hafa nægjanlegt framboð frá næstu fiskvinnslu og sláturhúsi, enda framleiðslan nokkuð í samræmi við tilfallandi hráefni. Annarstaðar þarf að fara yfir langan veg til að hafa nægjanlegt hráefni sérstaklega þar sem menn hafa ekki aðgang að frystigeymslum eða fiskvinnslan lítil á viðkomandi svæði. Þetta endurspeglast í hráefnisverðinu og getur numið allt að 2 - 4 krónum á hvert kíló.

Fóðurverð er almennt miðað við stöðvarvegg. Fóðurverð er mjög misjafnt allt frá 17,50 kr/kg upp í 25 kr/kg og er þá flutningur innifalinn. Margir bændur sækja sitt fóður sjálfir ef þeir búa í nágrenni fóðurstöðva og bera allan kostnað af því. Bændur hafa einnig stofnað félag um rekstur

fóðurbíls eða samið við ákveðna aðila um flutninginn. Þeir greiða honum þá gjald pr km, sem fluttu fóðri í hverjum mánuði er deilt upp í. Flutningskostnaður er nokkuð mismunandi eða frá 1,50 - 3,00 kr á flutt kg fóðurs.

4. Hráefni til fóðurgerðar

4.1. Fiskmeti

Það sem veldur loðdýraræktendum mestum áhyggjum um þessar mundir er stórfelldur útflutningur á hökkuðum frystum fiskúrgangi. Útgerðarmunstur í landinu hefur verið að breytast undanfarin ár og stóru útgerðar-og fiskvinnslufyrirtækin á landinu eru farin að sérhæfa sig. Sem dæmi má taka að á Norðurlandi hefur Fiskiðjusamlag Húsavíkur sérhæft sig í rækjuvinnslu, Útgerðarfélag Akureyringa er stór hluthafi í Laugafiski, sem þurrkar hausa og hryggi á Nígeríumarkað, og þannig mætti lengi telja. Á Suðurnesjum hefur nálægðin við eina virka millilandaflugvöll landsins gert það að verkum að fjöldi lítilla framleiðenda hafa byggt upp aðstöðu sína þar og gífurlega mikið hráefni til fóðurframleiðslu fellur þar til. Þetta hafa danskir fóðurframleiðendur nýtt sér og höfðu þeir frumkvæðið að stofnun verksmiðju í Sandgerði sem hakkar og frystir fiskúrgang. Dönsku fóðurframleiðendurnir kaupa síðan framleiðsluna til íblöndunar á eigin fóðri. Áætlanir gera ráð fyrir útflutningi á allt að 20 þúsund tonnum af hökkuðum frystum fiskúrgangi en hugmyndir eru uppi um að síðar verði hráefnið fullunnið hérlendis. Spurningin er hvort þetta stangist á við beina eignaraðild útlendinga að auðlindinni eða hvernig yfirvöld flokka þessa framleiðslu.

Útgerðarfélag Akureyringa er í startholunum með samskonar útflutning. Það gefur augaleið að þessi útflutningur kemur til með að hafa áhrif á rekstur íslensku fóðurstöðvanna sem eiga í erfiðleikum með að geyma frystan fiskúrgang og sláturmat vegna aðstöðuleysis og fyrir vikið er þeim gert ókleift að mæta sveiflum í framboði á fiskúrgangi. Það leiðir til þess að allir aðrættir verða mun dýrari í framkvæmd og afkomumöguleikar þeirra, sem nú þegar eru slæmir, verða harla litlir.

4.2. Sláturmatur

Varðandi sláturúrgang eru ýmsar hindranir í veginum fyrir frekari nýtingu hans. Má þar nefna sem dæmi svína-og alifuglaúrgang. Hann þarf að sjóða til þess að hægt sé að nýta hann en ekki er hagkvæmt að sjóða hann nema á örfáum stöðum á landinu en vegna hættu á smitun milli svæða má ekki flytja ósoðinn úrganginn milli svæða. Fréttir herma að í gangi séu viðræður milli aðila á Suðurlandi um stofnun fyrirtækis sem sinni þessum þætti og er það vel. Í landinu öllu falla til um 1.100 tonn til að sjóða auk 2.700 tona sem eru nýtanleg í kjötmjöl og hreinn sláturmatur (sauðfjár, nautgr. og hross) er 6.300 tonn. Ekki liggur fyrir hvað sláturleyfishafar

hafa hugsað sér í framtíðinni en enginn skortur virðist vera á sláturmat til íblöndunar í náinni framtíð. Sláturtíðin er alltaf að lengjast og nú er farið að slátra um páskana og síðan aftur um miðjan júní og nánast samfleytt til áramóta. Það eitt og sér leysir ákveðinn geymsluvanda fyrir fóðurframleiðendur þótt sláturtíðin muni áfram vera í hámarki frá september til október og kalli á frystingu hráefnis.

5. Niðurstaða

5.1. Fyrirkomulag fóðurframleiðslunnar

Ljóst er að fóðurstöðvum mun ekki fjölga í náinni framtíð. Ef eitthvað er þá mun þeim fækka frekar en hitt. Fóðurstöð þarf að hafa greiðan aðgang að hráefni. Annar afgerandi þáttur er aðgangur að frystingu og geymslu hráefnis. Þriðji þátturinn er gæði framleiðslunnar og loks tækjabúnaður sem þarf að vera í góðu ástandi. Þær stöðvar sem byggðar voru upp með það í huga að framleiða umtalsvert magn þurfa að leita allra leiða til að auka framleiðslu sína og þar geta stjórnvöld haft úrslitaáhrif. Allar stöðvarnar eru að framleiða samtals 10.000 tonn og einstaklingar víða um land framleiða 3.000 tonn. Æskilegt væri að þessi framleiðsla skilaði sér til fóðurstöðvanna þar sem það er gerlegt en það kostar eflaust sitt að fá þá aðila til að hætta framleiðslu og snúa sér alfarið til fóðurstöðva.

5.2. Fjöldi fóðurstöðva

Í landinu er framleitt loðdýrafóður á 15 stöðum en aðeins 5 flokkast undir það sem kallast fóðurstöðvar. Þær eru á Sauðárkróki, Húsavík, Vopnafirði, Höfn í Hornafirði og á Selfossi.

Stöðin á Sauðárkróki er sú fullkomnasta og byggð 1986 ásamt 1500 tonna frystiklefa með það í huga að framleiða allt að 10.000 tonn af loðdýrafóðri. Stærð stöðvarinnar eru tæpir 900 m² og frystigeymslan er 511 m² að stærð. Í stöðinni eru 3 plötuhraðfrystar sem afkasta 40 tonnum á sólarhring. Nýlega var fjárfest í 20 tonna síló fyrir fiskimjöl og fyrir tveimur árum var sett upp 20 tonna kornsíló. Til stendur að koma upp búnaði til að flytja mjöl og kornvöru upp í þessi síló. Vegna vaxandi notkunar á frosnu hráefni þarf að fjárfesta í knosara til að mylja niður frosnar pönnur áður en þær fara í hakkavél.

Stöðin á Húsavík er í húsnaði byggðu 1920 um 500 m² og tækjabúnaður allur gamall og úr sér genginn. Engin frystiaðstaða er í stöðinni en hún hefur aðgang að frystigeymslu. Ekki er ljóst hvort stöðin verður starfrækt á komandi sumri en viðræður eru í gangi við forráðamenn fóðurstöðvarinnar á Sauðárkróki um að þeir taki yfir framleiðslu stöðvarinnar á Húsavík. Það er eina sameiningin sem möguleg er í dag m.t.t. fjarlægða og greiðra samgangna. Það er líka hagkvæmt fyrir Sauðkrækinga að auka framleiðslu sína þar sem eingöngu fjórðungur af

framleiðslugetunni er nýttur í dag.

Stöðin á Vopnafirði er í 200 m² húsnæði að grunnfleti auk 100 m² á efri hæð. Búnaður er viðunandi og sinnir stöðin loðdýrabændum í Vopnafirði og nokkrum bændum í Þistilfirði. Það sem gæti komið í veg fyrir frekari stækkun þjónustusvæðisins er takmarkað framboð hráefnis sem þá þyrfti að leysa með byggingu frystiklefa til söfnunar hráefnis. Takmarkandi þáttur í dag er að vegalengdir og erfiðar samgöngur eru of miklar til að þjóna stærra svæði.

Húsnæði Fóðurstöðvarinnar á Höfn er samtals 150 m² að grunnfleti, í eigu KASK en tækjabúnaður er í eigu bænda og nánast sá sami og var þegar stöðin var skoðuð árið 1988. Stöðin hefur afnot af 20 feta frystigám. Hráefni fæst að mestu hjá útgerðaraðilum á Höfn og á Austurlandi en þeir hafa einnig þurft að sækja það allt til Þorlákshafnar. Annað hráefni, s.s. kjötafskurður, kemur frá Sláturhúsi KASK. Stöðin er á mörkum þess að geta sinnt loðdýrabændum á svæðinu og leggja þarf í umtalsverðan kostnað til að endurbæta stöðina og tryggja hráefnisöflunina.

Stöðin á Selfossi er í eigin húsnæði sem er 200 m² stálgrindarhús á einni hæð. Afkastageta stöðvarinnar er um 8.000 tonn á ári og frystigeta um 3 tonn á dag m.v. 10 tíma. Frystiklefi er 370 m³ og tækjakostur er gamall og úr sér genginn. Endurnýjunarþörfin hljóðar upp á 10-20 millljónir að mati forráðamanna stöðvarinnar. Stöðin hefur nýverið gert samning við Skinnfisk ehf. í Sandgerði um kaup á hökkuðum fiskbeinum, bæði frosnum og ferskum, upp á ca 1.600 tonn. Sláturúrgang hefur stöðin fengið frá Sláturfélagi Suðurlands en það magn er hvergi nærri nóg. Hins ber að geta að stöðin á Selfossi gæti í framtíðinni þjónað mun stærra svæði með tilkomu Hvalfjarðarganga ef bændur í Borgafirði vildu hefja aftur loðdýrarækt í svipuðum stíl og átti sér þar stað fyrir 10 árum síðan en þá var ársnotkunin í fóðri nálægt 1.000 tonnum.

5.3. Flutningur fóðurs milli héraða

Er mögulegt að fækka fóðurstöðvum frekar og flytja fóður milli svæða eða framleiða hakkað hráefni á tveimur til þremur stöðum og flytja það til svokallaðra blöndunarstöðva? Ekki verður séð að það geri sig nema á Norðurlandi eins og áður hefur verið lýst en blöndunarstöð verður eflaust í framtíðinni á Selfossi. Fjarlægðir til annarra stöðva eru of miklar til að gera það mögulegt nema hægt sé að komast að samkomulagi við t.d. aðila í Sandgerði um kaup á frosnu hökkuðu hráefni. Þannig gætu stöðvarnar tryggt hráefnisöflunina allt árið og nýtt takmarkaðar frystigeymslur undir sláturmat og annað hráefni sem til fellur.

5.4. Söfnun og geymsla hráefnis

Fóðurstöðvarnar hafa almennt takmarkaðan aðgang að frystigeyslum að undanskilinni stöðinni á Sauðárkróki. Það er því vel athugandi fyrir þær að kanna möguleika á að kaupa frosið hakkað hráefni í plötuformi sem

auðvelt er að geyma í verulegum mæli. Þannig skapast líka möguleikar til að geyma frosinn sláturmat og annað hráefni sem aðeins er aðgangur að hluta úr ári. Þetta kallar á fjárfestingu í knosara til að mylja frosið hráefni en kostirnir og hagræðingin skilar sér á skömmum tíma og er kæling hráefnisins þannig tryggð í gegnum allan framleiðsluferilinn. Hinn möguleikinn er að semja við fiskvinnslur fram í tímann um hráefni en það kallar á fjárfestingu í frystibúnaði. Hagræðingin í því að eiga alltaf ákveðið hlutfall af ársframleiðslunni á lager skilar sér í bættem rekstri s.s. minni launakostnaði, flutning o.fl.

6. Samantekt

Fyrirkomulag fódurframleiðslunnar þarf að vera með þeim hætti að ferskleikinn sé alltaf fyrir hendi og flutningstæki þannig úr garði gerð að geta flutt fódur langar vegalengdir í einangruðum tönkum. Nægjanlegt hráefni, a.m.k. 15% af ársframleiðslunni þarf að vera til staðar í fódurstöð. Og síðast en ekki síst þarf framleiðslan að vera nægjanlega mikil til að standa undir fjárfestingunni, viðhaldi og frekari fjárfestingu til framleiðslu gæða fódurs til hagsbóta fyrir greinina í heild.

Hagræðing með sameiningu fódurstöðva kemur aðeins til greina á Norðurlandi en annarstaðar þarf að bæta aðstöðu stöðvanna til geymslu hráefnis.

Þar sem samgöngur gera það kleift og fjarlægðir eru innan skynsamlegra marka er ekkert því til fyrirstöðu að flytja fódur milli héraða og má þar nefna Skagafjörð, Eyjafjörð og Suður-Þingeyjarsýslu. Fódurstöðin á Selfossi gæti hæglega þjónað loðdýrabændum á svæðinu frá Reykjanesi og upp í Borgarfjörð með tilkomu Hvalfjarðarganga.

Fódurstöðvunum þarf að gera mögulegt að hafa aðgang að frystitækjum og frystigeymslum til þess að geta safnað og geymt nægjanlegt magn hráefnis til að mæta sveiflum í framboði þess. Í dag er aðeins ein fódurstöð með aðstöðu til frystingar og geymslu hráefnis sem einhverju nemur.

7. Framtíðarsýn

Í gegnum árin hefur skort stefnumótun fyrir loðdýrarækt á Íslandi. Loðdýrabændur, opinberir aðilar og fódurframleiðendur hafa verið uppteknir af vandamálum líðandi stundar og fyrir vikið hefur umræðan um hvert stefna beri lognast útaf jafnóðum og hún hefur hafist. Hvernig vilja loðdýrabændur, fódurframleiðendur og hagsmunaaðilar í loðdýrarækt sjá framtíð loðdýraræktar í landinu. Er ekki tímabært að setja á laggirnar nefnd sem mótar stefnuna inn í 21. öldina. Sú nefnd ætti að hafa að markmiði að bæta fódurframleiðsluna, ákvarða hvar loðdýraræktin byggist

upp í framtíðinni með það í huga að fóðurstöðvarnar hafi traustan rekstrargrundvöll og að fóðurverð verði hagstæðara en hjá helstu samkeppnisaðilum íslenskrar loðdýraræktar. Það gæti ráðið úrslitum um framtíð loðdýraræktar að móta stefnuna og fá hana viðurkennda sem alvöru atvinnugrein rétt eins og í nágrannalöndum okkar, þar sem t.d. framleiðsluverðmæti loðdýraræktar í Danmörku er meira en framleiðsluvirði allra fiskveiða Íslendinga. Aðstandendur loðdýraræktunar á Íslandi eiga hiklaust að kanna hvort hægt sé að fá erlent fjármagn inn í greinina hér á landi þegar vitað er að möguleikar margra danskra loðdýrabænda til stækkunar eru takmarkaðir. Kanna þarf hvort bændur séu tilbúnir að breyta búum sínum í hlutafélög með það í huga að fá erlent og jafnvel innlent fjármagn í reksturinn og stækka þannig búin í þá stærð sem gefur viðunandi afkomu. Þessar vangaveltur eru settar hér fram sem umræðugrundvöllur til frekari eflingar loðdýraræktar á Íslandi.

Byggðastofnun
Akureyri 10. júní 1998

Benedikt Guðmundsson